

Leiðbeiningar um útfyllingu eignaskrár

Þar sem vitnað er til lagagreina og reglugerðargreina í leið-beiningum þessum er átt við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og reglugerð nr. 1300/2021 um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Um útfyllingu einstakra dálka

Athugið að alltaf skal færa upplýsingar í dálka 1, 2, 3, 4 og 7. Aðeins skal færa í dálka 5 og 6 á kaupári eignar og aðeins skal færa í dálka 13 til 18 á söluári eignar.

1 Heiti eða tegund eignar

Hér skal tilgreina heiti eða tegund eignar. Ef heiti eða tegund eignar eða eignaflokks ber það ekki með sér til hvers eignin er notuð skal tilgreina hver notkunin er svo að séð verði undir hvaða fyrningarflokk eignin fellur. Nafn fasteignar, ef metin er, skal tilgreint á sama hátt og í fasteignamatsskrá en ella samkvæmt byggingarsamþykkt eða byggingarleyfi. Götunafn og húsnúmer skal tilgreint þar sem það á við. Þegar um fleiri en eitt útihús á bújörð er að ræða, er nóg að tilgreina nafn jarðarinnar í fyrstu línu. Færa skal fastanúmer bifreiðar.

Tilgreina skal til hvers fasteign er notuð, þannig að séð verði undir hvaða fyrningarflokk hún fellur samkvæmt reglugerðinni, t.d. verslunarbygging, verksmiðjubygging, veitingahús, dráttarbraut, gróðurhús o.s.frv., eða enn nánar eftir því sem við á, t.d. ef um útihús á bújörð er að ræða, þá fjös, hlaða, fjárhús o.s.frv.

2 Auðkenni eignar

Hér skal færa auðkennisnúmer eignar, sem aðgreinir hana frá öðrum eignum.

Auðkenni eignar er níu tölustafir. Fyrstu tveir stafirnir sýna kaupár, næstu tveir sýna fyrningarflokk, þá standa tveir fyrir tegund eignar (sbr. töfluna Tegundarflokkun eigna hér á síð-unni) og síðustu þrír stafirnir eru raðnúmer, þar sem fyrsta eign ákveðinnar tegundar sem keypt er á árinu fær númerið 001, næsta eign sömu tegundar fær númerið 002 o.s.frv.

Dæmi: Fyrsta tölvan sem keypt var á árinu 2023 (fyrningarflokkur 4 tegund 51) fær auðkennið 230451001.

3 Uppruni eignar

Í þennan dálk skal færa kóda fyrir uppruna eignar. Ef eign var til í ársbyrjun skal færa 0, ef eign var keypt á rekstrarárinu skal færa 1 og ef eign var smíðuð, byggð eða framleidd á árinu skal færa 2.

4 Ráðstöfun eignar

Í þennan dálk skal færa kóda fyrir ráðstöfun eignar. Ef eign var til í árslok skal færa 0, ef eign var seld á rekstrarárinu skal færa 1 og ef eign ónýttist á árinu skal færa 2.

5 Kennitala seljanda

Í þennan dálk skal færa kennitölu seljanda eignar, sem keypt var á rekstrarárinu. Ef seljandi er erlendur og hefur ekki kennitölu skal færa hér 999999-9999. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á kaupári eignar. Ef um eigin smíði eða framleiðslu er að ræða, er dálkurinn auður.

6 Innskattur

Hér skal færa fjárhæð innskatts við kaup eða smíði á eign. Ef eign var ekki innsköttuð við kaup eða smíði skal ekkert fært hér. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á kaupári/smiðaðári eignar.

7 Kaupverð/stofnverð

Hér skal tilgreina kaupverð eða stofnverð eigna, sem til voru í upphafi reikningsárs, eins og það var samkvæmt eignaskrá fyrir árið 2022 í dálki 7, eða kaupverð eða stofnverð eigna sem aflað var á árinu 2023.

8 Bókfært verð í upphafi reikningsárs

Hér skal tilgreina bókfært verð eigna, sem til voru í upphafi reikningsárs, eins og það var samkvæmt eignaskrá fyrir árið 2022 í dálki 12.

9 Fyrningarlutfall

Hér skal tilgreina hundraðshluta fyrningar af fyrningargrunni eignar, sbr. 37. gr. skattalaga.

10 Almenn fyrning ársins

Hér skal færa almenna fyrningu ársins. Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna, sbr. 34. gr. Eign skv. 1. og 2. tl. 33. gr. (fyrningarflokkar 1-6) má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir 10% af stofnverði hennar sem niðurlagsverð eignarinnar, sbr. 42. gr.

Full fyrning er á því ári þegar eign er fyrst nýtt við öflun tekna en ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu. Hér skal fyrna að fullu þær eignir sem ónýtast á árinu.

Ef um lausafé er að ræða skv. 1. tölul. 33. gr. skal færa hér margfeldi bókfærðs verðs í upphafi reikningsárs samkvæmt dálki 8 og fyrningarlutfalls skv. dálki 9. Ef eign var keypt á árinu skal færa hér margfeldi kaupverðs/stofnverðs samkvæmt dálki 7 og fyrningarlutfalls skv. dálki 9. Ef eign varð ónýt á árinu skal þó færa hér eftirstöðvar bókfærðs verðs.

Ef um aðrar eignir en lausafé er að ræða skv. 1. tölul. 33. gr. skal færa hér margfeldi kaupverðs/stofnverðs samkvæmt dálki 7 og fyrningarlutfalls skv. dálki 9, eða eftirstöðvar bókfærðs verðs ef eign varð ónýt á árinu.

11 Aukafyrning ársins

Hér skal tilgreina fyrningar sem heimilar eru samkvæmt 14. gr. skattalaga og niðurfærslu aflahlutdeildar skv. 6. mgr. 15. gr. sömu laga.

12 Bókfært verð í lok reikningsárs

Hér skal færa bókfært verð eigna í lok reikningsárs. Bókfært verð eigna sem til voru í upphafi reikningsárs er fjárhæð í dálki 8 að frádregnum fyrningum í dálki 10 og aukafyrningum í dálki 11. Bókfært verð eigna sem aflað var á árinu er fjárhæð í dálki 7 að frádregnum fyrningum í dálki 10 og aukafyrningum í dálki 11.

13 Kennitala kaupanda

Í þennan dálk skal færa kennitölu kaupanda eignar, sem seld var á rekstrarárinu. Ef kaupandi er erlendur og hefur ekki kennitölu skal færa hér 999999-9999. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

14 Söluverð

Hér skal færa söluverð sérhverrar seldrar eignar á rekstrarárinu. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

15 Útskattur

Hér skal færa fjárhæð útskatts við sölu á eign. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

16 Söluhagnaður/sölutap (-)

Hér skal færa söluhagnað eða sölutap af sérhverri seldri eign á rekstrarárinu. Söluhagnaður færist sem + (plús) og sölutap sem - (mínus). Athugið að ekki skal fylla dálkinn út vegna eigna sem ónýtast á árinu. „Sölutapið“ er þess í stað fært sem fyrning í dálk 10. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

17 Frestaður söluhagnaður

Sé þess óskað að skattlagningu söluhagnaðar í dálki 16 verði frestað, kemur í þennan dálk sú fjárhæð söluhagnaðar af hverri seldri eign sem frestað er til skattlagningar, skv. 14. gr., 15. gr., 22. gr. eða 27. gr. skattalaga. Tilgreina skal flokk frestunar í dálk 18. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

18 Flokkur frestunar

Í þennan dálk skal færa kóda fyrir flokk frestunar á söluhagnaði. Fjárhæð frestaðs söluhagnaðar skal færð í dálk 17. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

- Merkja á 1 ef óskað er frestunar á skattlagningu söluhagnaðar um tvenn áramót, skv. 14. eða 15. gr. skattalaga.
- Merkja á 2 sé um að ræða frestun á skattlagningu söluhagnaðar um allt að fimm ár vegna altjóns eða eignarnáms, skv. 22. gr. skattalaga.
- Merkja á 3 til 8 ef óskað er frestunar í hlutfalli við afborgunartíma skuldaviðurkenningar, skv. 27. gr. skattalaga, þ.e. 3 fyrir þrjú ár, 4 fyrir fjögur ár o.s.frv., upp í 7 fyrir sjö ár. 8 er notað fyrir 20 ára dreifingu söluhagnaðar af bújörðum.

Úr lögum nr. 90/2003

Fyrnanlegar eignir

33. gr. Fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. Helstu flokkar þeirra eru þessir:

- Lausafé, þar með talin skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki.
- Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar.
- Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.
- Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundaréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upp- lýsinga, réttur til einkaleyfis og vörumerkis.
- Keypt viðskiptavild. Kaup á ófyrnanlegum réttindum skv. 48. gr. teljast ekki til keyptrar viðskiptavildar.

34. gr. Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna.

35. gr. Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum, þar með talið ef eign verður ónothæf, nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs, þ.e. bókfært verð til skatts. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn.

Fyrningargrunnur eigna

36. gr. Verðmæti sem fyrning er reiknuð af hverju sinni telst fyrningargrunnur eigna.

Fyrningargrunnur eigna skv. 1. tölul. 33. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr., að frádregnum áður fengnum fyrningum. Fyrningargrunnur eigna skv. 2.-5. tölul. 33. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr.

Fyrningargrunnur eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, og fengnar fyrningar þeirra ákvarðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtalsgerð á árinu 2002.

Fyrningarlutföll

37. gr. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. skal fyrning vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:

- Skip og skipsbúnaður, svo og fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, aðrar en leigubifreiðar að lágmarki 10%, að hámarki 20%.
- Loftför og fylgihlutir þeirra að lágmarki 10%, að hámarki 20%.
- Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki að lágmarki 10%, að hámarki 30%.
- a. Skrifstofuáhöld og -tæki að lágmarki 20%, að hámarki 35%.
 - Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1. - 3. tölul. og a-lið þessa tölulíðar að lágmarki 20%, að hámarki 35%.
- Fyrning mannvirkja, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:
 - Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 1% en að hámarki 3%:
 - Íbúðarhúsnæði.
 - Skrifstofubyggingum.
 - Verslunarbyggingum.
 - Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 3% en að hámarki 6%:
 - Verksmiðjubyggingum.
 - Verkstæðisbyggingum.
 - Vörugymslubyggingum.
 - Dráttarbrautum.
 - Gisti- og veitingahúsum.
 - Útihúsum á bújörðum.
 - Loðdýrabúum og tilheyrandi girðingum.
 - Lýsis-, oliu- og vatnsgeymum.
 - Ræktun á bújörðum.
 - Hvers konar öðrum mannvirkjum og húsum, notuðum til atvinnurekstrar, sem ekki eru talin annars staðar í þessari grein.
- Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 6% en að hámarki 8%:
 - Bryggjum og plönum þeim tengdum.
 - Gróðurhúsum.
- Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 7,5% en að hámarki 10%:
 - Borholum.
 - Rafflínur.

3. Vinnubúðum, óvaranlegum. Ekki skiptir máli í sambandi við ákvörðun fyrningarlutfalls úr hvaða byggingarefni mannvirki er gert.

6. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við áætlaða heildarmýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarmýting er háð samþykki ríkisskattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessum tölulíð má aldrei verða hærri en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádregnu verðmæti því sem effir stendur að lokinni nýtingu.

7. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum og aðrar eignir sem um er rætt í 4. tölul. 33. gr., 15-20%. Fyrning eigna samkvæmt þessum tölulíð er heimil í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna. Þegar sýnt er fram á að notkunartími eigna samkvæmt þessum tölulíð er skemmri en 5 ár er heimilt að fyrna þær á notkunartíma.

8. Keypt viðskiptavild að lágmarki 10% en að hámarki 20%.

39. gr. Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 250.000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað.

42. gr. Eignir skv. 1. og 2. tölul. 33. gr. má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir sem niðurlagsverð eignar 10% af stofnverði hennar, sbr. 2. mgr. 12. gr.

Tegundarflokkun eigna

Hér kemur fram tegundarflokkun eigna í hverjum fyrningarflokki. Hér er um að ræða stafi númer 3 til 6 í auðkennisnúmeri eignar.

Fyrningarflokkur 1 (10-20%)

Fólksbifreiðar

01 11 Jeppabifreiðar fyrir færri en níu menn

01 99 Fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, aðrar en leigubifreiðar

Fyrningarflokkur 2 (10-20%)

Skip og skipsbúnaður og loftför og fylgihlutir þeirra

02 01 Flugvélar og önnur loftför og fylgihlutir þeirra

02 11 Bátar undir 12 rúmlestum

02 39 Önnur skip og bátar

02 40 Eignfærðar breytingar á skipi

02 51 Siglingatæki og önnur tæki í brú

02 61 Vélar í skip og báta, stýrisbúnaður

02 71 Spil/dælar um borð í skipi

02 99 Annar skipsbúnaður

Fyrningarflokkur 3 (10-30%)

Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki

03 11 Fiskvinnsluvélar

03 21 Matvælaíðnvélar

03 31 Prentiðnaðarvélar

03 39 Ljósmyndavélar og framköllunartæki

03 41 Vélar fyrir trésmíði

03 50 Byggingarmót

03 51 Vélar fyrir málmsmíði

03 59 Rafiðnaðar- og rafsuðuvélar

03 71 Vélar fyrir vefjaiðnað

03 77 Þvottavélar og þurrkarar

03 81 Vigtar

03 83 Dælar og pressur

03 85 Pökkunar- og átöppunarvélar

03 89 Kæli- og frystikerfi

03 99 Aðrar verksmiðjuvélar og hvers konar iðnvélar og tæki

Fyrningarflokkur 4 (20-35%)

Skrifstofuáhöld og -tæki

04 11 Húsbúnaður

04 15 Lausar innréttingar og húsgögn

04 31 Símkerfi og símstöðvar

04 35 Stimpilklukkur, kerfi

04 41 Afgreiðslukassar og -kerfi

04 51 Tölvur

04 53 Hugbúnaður

04 55 Tölvuprentarar

04 59 Annar tölvubúnaður

04 91 Önnur raftæki fyrir skrifstofur

04 99 Önnur skrifstofuáhöld og -tæki

Fyrningarflokkur 5 (20-35%)

Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé, annað en það sem færist í fyrningarflokka 1 til 4

05 01 Leigubifreiðar

05 05 Sendibifreiðar

05 09 Rútubifreiðar

05 14 Talstöðvar, bílasimar, gjaldmælar, ökuritar

05 21 Vörubifreiðar

05 29 Kerrur, dráttar- og tengivagnar

05 31 Kranabifreiðar

05 37 Lyftarar

05 41 Jarðýtur og gröfur

05 49 Önnur tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar

05 61 Vinnupallar

05 65 Vinnuskúrar (lausir)

05 69 Gámar

05 70 Þjálfunar- og líkamsræktartæki

05 75 Lækningatæki og rannsóknartæki

05 80 Hljóðfæri

05 90 Tæki til landbúnaðar

05 97 Vélsleðar, fjórhjól, vélhjól, rafmagnshjól og vespur

05 99 Annað lausafé sem fellur ekki undir fyrningarflokka 1 til 4

Fyrningarflokkur 6

Mannvirki

06 01 Skrifstofubyggingar

06 05 Verslunarbyggingar

06 09 Íbúðarhús

06 10 Sumarbústaðir

06 11 Fasteignir erlendis

06 13 Verksmiðjubyggingar

06 15 Verkstæðisbyggingar

06 17 Vörugymslubyggingar

06 19 Dráttarbrautir

06 29 Bilskyli og -skúrar

06 31 Gisti- og veitingahús

06 35 Útihús á bújörðum

06 37 Ræktun á bújörðum

06 41 Loðdýrabú og girðingar þeim tengdar

06 45 Gróðurhús

06 49 Bryggjur og plön

06 51 Lýsis-, oliu- og vatnsgeymar

06 61 Borholur

06 65 Rafflínur

06 71 Vinnubúðir, óvaranlegar

06 98 Varanlegur innréttingar og fast fylgifé fasteigna

06 99 Önnur mannvirki

Fyrningarflokkur 7

Eyðanleg náttúruauðæfi

07 01 Malar- og grjótnámur

07 99 Önnur eyðanleg náttúruauðæfi

Fyrningarflokkur 8

Keyptur eignarréttur og keypt viðskiptavild

08 11 Viðskiptavild